

Góðar viðtökur við verkefninu Jól í skókassa

Móttöku fyrir verkefnið Jól í skókassa er nú lokið á Snæfellsnesi. Í byrjun nóvember var skiladagur í bæði Grundarfirði og Snæfellsbæ en síðasti skiladagur verkefnisins hjá KFUM OG KFUK á höfuðborgarsvæðinu verður laugardaginn 12. nóvember.

Þetta alþjóðlega verkefni hefur verið í gangi á Íslandi frá 2004 og hefur hefð komist á söfnun slíkra gjafa í Grundarfirði. Þá taka börn og fullorðnir sig saman til að gleðja önnur börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika með því að gefa þeim jólagjafir. Nemendur í Grunnskóla Grundarfjarðar hafa undanfarin ár tekið þátt í verkefninu en skókassarnir eru svo sendir til munaðarleysingjaheimila og barnaspítala í Úkraínu. Salbjörg Nóadóttir og Anna Husgaard Andreassen sjá um verkefnið í Grundarfirði og í ár söfnuðust þar 68 skókassar.

Í Snæfellsbæ er verið að taka verkefnið aftur upp eftir nokkurra ára pásu, Sigurbjörg Jóhannesdóttir sér um móttöguna og söfnuðust þar 15 kassar. Vonin er að verkefnið muni stækka á milli ára og að endingu ná sömu stærðargráðu og annars staðar á landinu. 83 jólagjafir fara því



frá Grundarfirði og Snæfellsbæ til Úkraínu og munu þar gleðja lítil hjörtu. Í höfuðstöðvunum eru pakkarnir orðnir yfir 1000 og búist er við töluverðu magni í vikunni því undanfarin ár hafa hátt í 5000 skókassar verið sendir út fyrir jólin. Eins og fram hefur komið er opið í hjá KFUM og KFUK til 12. nóvember og því gefst enn tími fyrir þau sem hafa tók á að koma skókössum til skila.

sj

**VÉLSMIÐJA
GRUNDAFJARÐAR**

- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

JE BÍLVERK
ÓLAFSVÍR

**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímapantanir í síma 436-1111

Frystiklefinn/The Freezer
Dagskráin á næstunni

11&12 Nóv.: NORTHERN WAVE FILM FESTIVAL
Sjá dagskrá á facebook

12. Nóv - Emmsjé Gauti - 21:30

13. Nóv: Skák-kvöld - 20:30

Nánari upplýsingar á facebook og frystiklefinn.is

Kirkjufellinu lokað

Laugardaginn 5. nóvember síðastliðinn funduðu eigendur jarðanna Kirkjufells, Háls og Búða með bæjarstjóra og skipulagsfulltrúa Grundarfjarðarbæjar, fulltrúum frá viðbragðsaðilum og frá Ferðamálastofu. Á fundinum var rætt um viðbrögð við stigmögnuðum fjölda ferðamanna sem leggur leið síns á Kirkjufell og fjölda alvarlegra slysa sem hafa átt sér þar stað. Hefur nú verið tekið ákvörðun um að loka fjallinu frá og með þriðjudeginum 8. nóvember. Breytilegar aðstæður í fjallinu, tíð slys og dauðsföll ferðafólks og það að öryggis-orð og viðvaranir séu oft virt að vettugi er meðal ástæðna þess að fjallinu hefur nú verið lokað. Í tilkynningunni segir að í samtölum, einkum við erlent ferðafólk, hafi eigendur jarðanna við Kirkjufell

orðið varir við að fólk skynjar ekki hættunarn og ákveður, þrátt fyrir viðvaranir, að ganga á fjallið illa búið og við hættulegar aðstæður. Samkvæmt upplýsingum frá viðbragðsaðilum hafa flest slysin átt sér stað að hausti og vetri þegar aðstæður eru hvað erfiðastar og lítið má út af bregða svo fólk skriki ekki fótur og falli niður brattar hlíðarnar. Lokunin gildir þar til varptíma í fjallinu er lokið þann 15. júní 2023. Landeigendur biðla til allra sem koma að ferðamálum og upplýsingagiöf að áminna ferðafólk um að ganga ekki á Kirkjufell yfir vetrartímann. Er þetta gert með öryggi allra í huga, er fólk beðið um að virða þessa lokun og stofna hvorki sjálfum sér né öðrum í hættu.

sj



1x2 Getraunir

Eitthvað er spekingunum okkar að förlast því útkoman síðasta laugardag var óvenju slæm. Enginn í hópi þeirra, sem tippuðu hjá okkur fengu vinning. En Víkingar og þeirra áhangendur eru ekki mikið fyrir að gefast upp og því verður bitið í skjaldarendur og mætt aftur á laugardaginn, sem er sá síðasti í bili þar sem að enski boltinn verður á seðlinum. Heimsmeistara keppnin hefst 20. nóvember og við höldum áfram getraunastarf-

inu og spreytum okkur á þeim leikjum þar til að keppni hefst að nýju í enska boltanum, á annan í jólum. Nú er um að gera fyrir þá, sem vilja styðja við starfið hjá Víkingi að taka frá tímann á milli klukkan 11.00 og 12.00 alla laugardaga, mæta í Áttthagastofuna og kaupa nokkrar raðir eða bara til að spjalla um lífið og tilveruna. Við erum með heitt á könnunni.

Áfram Víkingur

Vel heppnað Nesball



Nesball eldri borgara á Snæfellsnesi var haldið 5. nóvember síðastliðinn. Viðburðurinn fór fram í samkomuhúsinu í Grundarfirði og var á vegum Félags eldri borgara í Grundarfirði að þessu sinni. Rúmlega 120 manns mættu á skemmtunina og framreiddi Kaffi 59 þriggja rétta kvöldverð fyrir gestina. Það var ónefndur stúlknaþóp-

ur úr Grundarfirði sem sá um skemmtiatriði en var þeim gefið nafnið Snúrurnar á staðnum. Eldri borgarar af nesinu þurrkuðu síðan rykið af dansskónum og rifjuðu upp gamla takta en það var ísfrisk hljómsveit sem lék fyrir dansi. Ballið heppnaðist einstaklega vel og fóru gestirnir saddir og sælir heim að kvöldi loknu.

jj

Syndum!

Landsátak í sundi stendur yfir frá 1. - 30. nóvember 2022. Landsmenn stinga sér til sunds til þess að safna upp sundmetrum sem nemur vegalengdinni í kringum landið. Þetta er heilsu- og hvatningarátak á vegum ÍSÍ til þess að hvetja almenning til þess að hreyfa sig oftar og meira í sínu daglega lífi. Sund er fyrir alla, óháð aldri, bakgrunni og líkamlegu ástandi og tilvalin hjálfunaraðferð sem styrkir hjarta- og æðakerfið, lungun og flesta vöðva líkamans. Einnig er þetta frábær og skemmtileg tólmstundaiðja sem öll fjölskyldan getur stund-

að saman. Allir skráðir sundmetrar eru sýnilegir á heimasíðu Syndum og þar er einnig hægt að sjá hversu marga hringi landsmenn hafa synt í kringum Ísland. Til þess að taka þátt þarf að skrá sig inni á www.syndum.is. Dregnir verða út frábærir vinningar fyrir þá sem skrá sig og taka þátt. Enn sem komið er eru engir sundmetrar skráðir fyrir Sundlaug Snæfellsbæjar. Nægur tími er til stefnu og því tilvalið að grípa sundgleraugun og stinga sér til sunds.

jj

Leiðrétting

Í síðasta tölublaði Jökuls kom fram í grein um yfirhalningu á nytjahorninu í Terra að opnunartímar Terra væru frá 15 til 16 á þriðjudögum og fimmtudögum. Þar var farið með rangt mál en

opnunartímar móttökustöðvarinnar eru frá 15 til 18 á þriðjudögum og fimmtudögum og frá 11 til 15 á laugardögum. Við biðjumst velvirðingar á þessum mistökum.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

List og lífbreytileiki í GSNB

Listakonurnar Rán Flygering og Elín Elísabet Einarsdóttir heimsóttu nemendur í fimmta bekk Grunnskóla Snæfellsbæjar fyrir stuttu og unnu með þeim skemmtilegt þverfaglegt verkefni í tengslum við lífbreytileika. Rán og Elín Elísabet hafa verið að vinna verkefnið í samstarfi við fjölbreyttan og breiðan hóp listafólks þar sem lista- og vísindafólk koma saman í þverfaglegu samtali um lífbreytileika og skipuleggja smiðjur sem höfða til barna. Verkefnið nefnist List og Lífbreytileiki, það er á vegum náttúruminjasafns Íslands og er styrkt af Barnamenningarsjóði Íslands. Áður en smiðjan var haldin voru krakkarnir búnir að læra um frumur, bakteríur, vistkerfi, lífbreytileika og fleira sem því tengist. Í smiðjunni lögðu Rán og Elín Elísabet áherslu á lífríki í mold og kynntu fyrir þeim fjölbreytileika þess lífríkis. Út frá því efni sköpuðu krakkarnir listaverk úr skókassa.



Mikil ánægja var með heimsóknina og fannst krökkunum gaman að fá að nota ímyndunaraflíð til þess að túlka og skapa afurð sem tengdist námsefninu. Þegar verkefni listakvennanna lýkur, munu þær setja lokaafurð þess upp í stóru innsetningarverki í Dropanum, sersýningarrými Náttúrusafnsins í Perlunni 18.-23. apríl 2023. Á sama tíma mun þver-

faglegt málþing um lífbreytileika standa yfir og úrvinnslan kynnt í samhengi barnanna.

jj





FISKMARKAÐUR ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is



CERTIFIED SUSTAINABLE SEAFOOD
MSC
www.msc.org



Framúrskarandi fyrirtæki


Námsferð FSN til Tékklands

Nemendahópur auk þriggja kennara úr Fjölbrautaskóla Snæfellinga ferðuðust til Tékklands þann 18. september sl. í námsferð. Nemendurnir voru 11 talsins og fóru þau til þess að heimsækja kollega sína úr skólunum Gymnázium a Střední průmyslová škola elektrotechniky a informatiky sem er í bænum Frenštát pod Radhoštěm í austurhluta Tékklands. Var heimsóknin partur af verkefni sem nemendurnir hafa verið að vinna sem kallast „Food for thought“. Við vinnslu verkefnisins hafa þau kynnt sér hvernig hægt er að sporna við matarsóun, stuðla að heilbrigðu mataræði og kynnst fæðu úr heimabyggð og héruðum nemenda. Nemendurnir kynntu sér því málefnið út frá umhverfinu hér á Íslandi og í Tékklandi. Fengu nemendur og kennarar einnig að



kynnast helsta umhverfi staðarins og menningu Tékklands. Ferðin stóð yfir í 12 daga en tveimur dögum var eytt í höfuðborg landsins þar sem þau voru svo heppin að fá að upplifa hátíðarhöld í tilefni þjóðhátíðardags Tékkna.

jj



FASTEIGNASALA SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinnsson hdl.
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



DAGSKRÁ

(Öll dagskráin fer fram í Frystiklefanum á Rífi nema að annað sé tekið fram)

Föstudagur 11.nóvember

17.00 - 18.20 **Sundlaug Ólafsvíkur** - Tilraunakenndar myndir

20.00 - 22.00 Frystiklefinn - Opnunarhóf og sýning á alþjóðlegum stuttmyndum - spurt og svarað

22.00 - 23.00 Frystiklefinn - Íslensk Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 12. Nóvember

10.00 - 12.00 **Sundlaug Ólafsvíkur - Krakkabíó**

11.00 - 12.00 Blanda af alþjóðlegum stuttmyndum

13.00 - 14.00 **Plakatasmiðja krakka**

13.00 - 14.30 Íslenskar stuttmyndir - spurt og svarað

14.30 - 16.30 **Stuttmyndasmiðja fyrir 9 -11 ára krakka***

14.50 - 15.50 **Meistaraspjall með Einari Snorra heiðursgesti hátíðarinnar**

16.00 - 17.30 Asískar stuttmyndir

16.10 - 16.50 **Sundlaug Ólafsvíkur** - Íslenskar stuttmyndir

17.40 - 18.40 Blanda af alþjóðlegum stuttmyndum

21.30 Tónleikar með MC Gauta

Sunnudagur 13.nóvember

11.00 - 12.10 Slavneskar stuttmyndir

13.00 - 14.30 Íslenskar stuttmyndir - spurt og svarað

14.30 - 16.00 Íslenskar stuttmyndir - spurt og svarað

16.00 Verðlaunaafhending

Nánar á www.northernwavefestival.com

*Skráning í stuttmyndasmiðju á thorey@mjallhvit.is

Styrktaraðilar: Kvikmyndasjóður Íslands, Nordic Culture Fund, Napa, Snæfellsbær, Uppbyggingarsjóður Vesturlands og Barnamenningsjóður

